

40. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 2. desember 2021 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Suðurnesjabæjar
Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Nanna Kristjana Traustadóttir, fulltrúi Keilis

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Síðustu fundir og uppkomur

Forstöðumaður sagði frá síðustu fundum og uppkomum sem fólu meðal annars í sér þátttöku setursins í Safnahelgi á Suðurnesjum og ferð forstöðumanns á ársfund INTERACT samtakanna sem var haldinn í norður Finnlandi í lok nóvember. Þá var haldinn fundur með matshópi INTERACT sem forstöðumaður situr í. Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits kom í heimsókn og hafði engar athugasemdir.

2. Rekstraráætlun 2022

Forstöðumaður kynnti drög að rekstraráætlun næsta árs sem stjórn samþykkti án athugasemda. Áætlunin verður send til ráðuneytisins í janúar.

3. Viðhaldsáætlun 2022

Forstöðumaður fór yfir viðhald húsnæðisins á Garðveginum í ár, og áætlun næsta árs sem snýr að mestu að því að ljúka framkvæmdum á efri hæð og á salernum á neðri hæð sem hófust á þessu ári.

4. Styrkumsóknir

Þekkingarsetrið sótti um styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja sem fékkst ekki að þessu sinni. Setrið var meðumsækjandi í umsókn GeoCamp Iceland ásamt Reykjanes Geopark, og fékk það verkefni styrk að upphæð ein milljón króna úr sjóðnum.

5. Starfsmannamál

Forstöðumaður sagði frá breytingum í starfsmannahaldi.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Ákveðið að næsti fundur stjórnar verði fimmtudaginn 10. febrúar kl. 14:30

Fundi var slitið kl. 15:50.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdóttir - sign

Halldór Pálmar Halldórsson - sign

Fríða Stefánsdóttir - sign

Nanna Kristjana Traustadóttir – sign

Guðmundur Grétar Karlsson - sign

Hanna María Kristjánsdóttir - sign